

Heilbrigðis- og trygginganefnd Alþingis
Alþingishúsinu við Austurvöll
150 Reykjavík

09. janúar 2009 Reykjavík

Efni: Athugasemdir vegna Frumvarps til laga um sjúkraskrár (Þskj.205 – 170.mál)

Félag sjálfstætt starfandi sjúkráþjálfara, FSSS, fagnar því að komið sé fram frumvarp að lögum um sjúkraskrár enda má segja að hvergi í núgildandi lögum hafi verið með beinum hætti kveðið á fyrir um skyldu heilbrigðisstarfsmanna til færslu sjúkraskár. Sú krafa hefur þó komið fram í reglugerðum og samningum heilbrigðisstétta. Ekki er því gerðar athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

FSSS hefur hinsvegar þungar áhyggjur af því að sífellt auknar kröfur í heilbrigðisrekstri, sem í sjálfu sér eru nauðsynlegar og eðlilegar, séu til þess fallnar að gera rekstur sjúkráþjálfara enn þyngri. Það vekur furðu stjórnar FSSS að frumvarpinu fylgi ekki kostnaðarmat af neinu tagi á því hver kostnaður er við framkvæmd og innleiðingu laganna og hvergi nefnt í fylgiskjölum frumvarpsins hvernig einkareknar starfsstofur heilbrigðisstarfsmanna eigi að fjármagna þann kostnað sem hlíst af auknum kröfum vegna skráningar.


Í 4. gr. frumvarpsins kemur fram að "Sjúkraskrár skulu færðar í rafrænu formi að því marki sem unnt er". Því má segja að frumvarpið geri þá kröfu að skráning sjúkraskráa verði rafræn, sem í sjálfu sér er jákvætt og félagið fagnar því. Þó er það sérkennilegt að á síðustu árum hefur enginn skilningur verið á því meðal heilbrigðisyfirvalda að veita fjármunum til rafræns sjúkraskráningarkerfis sjúkráþjálfara.

Stór hópur sjálfstætt starfandi sjúkráþjálfara vann saman að því að koma á laggirnar sjúkraskráningarkerfinu Atlas. Kerfið hefur reynst mjög vel og hefur verið unnið að þróun þess allt frá því er það var tekið í notkun 2004. Kerfið hefur verið greitt úr vasa þeirra sem komu að gerð þess og nýtt sér hafa kerfið. Ljóst er að gera þarf einhverjar breytingar á kerfinu verði frumvarpið að lögum. Þeir félagsmenn FSSS sem ekki hafa skráð í rafræn sjúkraskráningarkerfi þurfa að koma sér upp slíku kerfi upp með tilheyrandi stofn- og rekstrarkostnaði sem gera þarf ráð fyrir í gjaldskrá sjúkráþjálfara.

Jafnframt eru með frumvarpi þessu lagðar þær skildur á rekstraraðila í heilbrigðisþjónustu að viðhafa innra eftirlit með því að lögum þessum verði framfylgt. Í einkarekna heilbrigðisgeiranum hefur almennt tíðkast að hver og einn heilbrigðisstarfsmaður sé ábyrgur fyrir eigin gjörðum enda hafa samningar ríkisins verið við einstaklinga í gegnum fagfélög þeirra en ekki við rekstraraðila. Ljóst er að með þessum breytingum er lögð aukin ábyrgð, vinna og kostnaður á rekstraraðila í heilbrigðisþjónustu. Félag sjálfstætt starfandi sjúkráðjálfa gerir í sjálfu sér ekki athugasemdir við þessar kröfur en áréttar þann kostnaðarauka sem þessar breytingar hafa í för með sér.

Félag sjálfstætt starfandi sjúkráðjálfa fagnar frumvarpinu í heild sinni en hvetur heilbrigðisyfirvöld til að opna augun fyrir því að aukinni og bættri skráningu fylgir aukinn kostnaður í formi vinnu og fjárfestinga, í hug- og vélbúnaði, fræðslu og símenntunar, meðal sjálfstætt starfandi sjúkráðjálfa.

Virðingarfyllst,



Kristján Hjálmar Ragnarsson, formaður FSSS